

# Stofnanasamningur milli AFLs Starfsgreinafélags og Menntaskólans á Egilsstöðum um störf við ræstingar

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra  
f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS hins vegar.

## 1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum, sem starfa við ræstingar og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SGS við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

## 2 Ráðningarsamband – ráðningarsamningar

Gerður skal ráðningarsamningur við alla starfsmenn og skal um heilsársráðningarsamband vera að ræða.

## 3 Símenntun og starfsmannaviðtöl

Starfsmenn sem vinna skv. samningi þessum eiga rétt á starfsmannaviðtali árlega. Ennfremur eiga starfsmenn rétt á að taka þátt í símenntun til að auka færni til starfa.

## 4 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

### Grunnröðun

Almenn ræsting .....	Lfl. 13
Ræstingastjóri.....	Lfl. 17

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar hér á eftir.

## 5 Annað sem áhrif hefur á einstaklingsröðun

Menntun umfram grunnkröfur starfs allt að .....	3
Námskeið sem nýtist í starfi .....	1 <sup>1</sup>
Frekara nám sem lokið er í samráði við stofnun og nýtist í starfi .....	2
<b>Starfsreynsla .....</b>	<b>4</b>
Starfsmaður sem öðlast hefur eins árs starfsreynslu við sambærileg störf.....	1
Starfsmaður sem öðlast hefur þriggja ára starfsreynslu við sambærileg störf.....	1
Eftir fimm ára starfsreynslu við sambærileg störf.....	1
Eftir 10 ára starfsaldur við sambærileg störf.....	1

<sup>1</sup> Námskeið sem skólinn samþykkir sem fullnægjandi.



<b>Frammistaða allt að.....</b>	<b>3</b>
Heimilt er að meta til viðbótar persónulega hæfni/þætti sem varðar einstakan starfsmann svo sem samstarfshæfni, getu til að vinna flókin eða vandasöm verkefni eða aðra hæfni umfram það sem almennt gerist.	
<b>Álag.....</b>	<b>3</b>
Álag vegna tilfallandi forfalla starfsfélaga.....	1
Álag vegna tilfallandi tímabundinna erfiðra starfsaðstæðna.(tímabundið).....	2

## 6 Álagsgreiðslur

Þegar fastur vinnutími fellur að hluta eða öllu leyti á tímabilið frá kl. 17.00 – 24.00 mánudaga – föstudaga skal greiða þá vinnu með álagi samkvæmt grein 1.5.1 í kjarasamningi SGS og fjármálaráðherra.

## 7 Laun við nám

Þeir starfsmenn sem taka þátt í símenntunaráætlun skólans skulu halda reglubundnum launum og fá greiddan kostnað smbr. ákvæðum 10. kafla aðalkjarasamning SGS og ríkisins..

## 8 Áhættumat og líkamsbeiting

Menntaskólinn á Egilsstöðum skal í samráði við starfsmenn láta framkvæma áhættumat á húsnæði skólans og sjá starfsmönnum fyrir leiðbeiningum um líkamsbeitingu.

## 9 Vinnufatnaður

Starfsfólk leggi sér til vinnufatnað og fær greidda mánaðarlega upphæð smbr. lið 8.3.2. í aðalkjarasamningi SGS og fjármálaráðherra.

## 10 Afleysingar í forföllum


Álag (1. lfl.) sem kveðið er á um í grein 5 hér að framan á bætir einungis aukaálag sem starfsfólk verður fyrir vegna tilfallandi forfalla vinnufélaga. Í lengri forföllum/veikindum skal ráða afleysingarstarfskraft.

## 11 Gildistími

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2017.

## 12 Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SGS og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

  
f.h. Menntaskólans á Egilsstöðum  
 MENNTASKÓLINN  
Á EGILSSTÖÐUM

Egilsstöðum, 9. febrúar 2017

f.h. AFLs Starfsgreinafélags

 AFL Starfsgreinafélag  
360101-3090